

106
9. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnunum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

27. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðarstjóra í Reykjavík og nágrenni. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 3. marz 1947.
28. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Sólbyrgi, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 18. marz 1947.
29. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ökumanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 11. apríl 1947.
30. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Hafnarkauptúns, Höfn, Hornafirði. Varnarþing í Höfn, Hornafirði. Staðfest 10. maí 1947.
31. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Bjarg, Vestmannaeyjum. Varnarþing í Vestmannaeyjum. Staðfest 12. maí 1947.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946. Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

107
11. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 168 12. sept. 1939, um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, aðrar en sjávarafurðir, greiða $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 11 12. febrúar 1940, um sölu og útflutning á vörum, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 212 24. nóv. 1939, um breyting á reglugerð frá 12. september 1939, um sölu og útflutning á vörum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.